

Landskeppni Smalahundafélags Íslands 2013

Hin árlega landskeppni Smalahundafélags Íslands (SFÍ) var haldin í Fjalli á Skeiðum dagana 24. og 25. ágúst, 2013. Mótið var haldið á vegum Smalahundadeildar Árnassýslu og var þátttaka öllum opin. Kindurnar voru frá Ingvari Hjálmarssyni og Svölu Bjarnadóttur í Fjalli og þóttu þær hæfilega hundvanar. Aðstaða til keppni var mjög góð, en þó krefjandi, og var skipulagning og framkvæmd mótsins til fyrirmyndar.

Dómarar keppinnar voru Kristján Ingi Jónsson frá Daðastöðum og Eggert Kjartansson frá Hofsstöðum.

Keppt var í þremur flokkum; Unghundaflokk (yngri en þriggja ára), B-flokk, og A-flokk. Rétt til þátttöku í B-flokk höfðu þeir hundar sem ekki höfðu fengið a.m.k. 50 stig fyrir eitt rennsli í B-flokk í fyrri landskeppnum. Keppnin samanstóð af tveimur rennslum, einu hvorn dag, og giltu samanlögð stig beggja rennslanna. Mögulegur stigafjöldi fyrir hvert rennsli í Unghundaflokk var 90, en í A- og B-flokkum var mögulegur stigafjöldi fyrir hvert rennsli 100.

Þátttaka í keppninni var góð og voru flestir efnilegustu og bestu smalahundar landsins skráðir til keppni. Alls tóku 24 hundar þátt í keppninni. Veður til keppni var þökkalegt; væg súld á köflum á laugardeginum, súld og sakleysisleg rigning fyrrihluta sunnudagsins en að mestu þurrt þegar líða tók á daginn.

Nokkuð var um að keppendur fengju ekkert stig fyrir sín rennsli. Helsta ástæða þess var að brautin var aðeins ójöfn og áttu hundarnir það til að missa sjónar á kindunum á meðan að úthlaupinu stóð og sumum hundum tókst ekki að sjá þær aftur. Einnig lentu keppendur í því að kindurnar höfðu einfaldlega betur og sáu við hundunum þótt reyndir væru.

Sérstakar þakkir fá styrktaraðilar keppinnar, en þeir voru:

Lífland fyrir verðlaun sem voru fóður og gjafabréf
Landsstólpi fyrir verðlaun sem voru fóður og fóðurdallar
Landflutningar fyrir flutning á tjaldi
Skeiða- og Gnjúpverjahreppur fyrir fjárframlag

Sérstakar þakkir fá einnig Ingvar og Svala í Fjalli fyrir þeirra óeigingjarna framlag og gestrisni.

Úrslit:

Unghundar

Sæti	Keppendur (aldur hunds í árum innan sviga)	Fyrra rennsli	Síðara rennsli	Samtals
1	Svanur Guðmundsson og Smali frá Miðhrauni (2,5)	74	74	148
2	Agnar Ólafsson og Kátur frá Eyrarlandi (2)	66	73	139
3	Jón Geir Ólafsson og Röskva frá Hæl (2,5)	65	29	94
4	Sverrir Möller og Grímur frá Daðastöðum (2)	0	65	65
5	Marsibil Erlendsdóttir og Seifur frá Dalatanga (2,5)	58	0	58
6	Aðalsteinn Aðalsteinsson og Týr frá Húsatóftum (1,5)	57	0	57

B-flokkur

Sæti	Keppendur (aldur hunds í árum innan sviga)	Fyrra rennsli	Síðara rennsli	Samtals
1	Svanur Guðmundsson og Korka frá Miðhrauni (2,5)	82	94	176
2	Arnfríður S. Jóhannesdóttir og Lína frá Úthlíð (3)	44	84	128
3	Bjarki Benediktsson og Trúska frá Breiðavaði (6)	57	66	123
4	Jón Axel Jónsson og Ben frá Hæl (3)	50	70	120
5	Elísabet Gunnarsdóttir og Ída frá Daðastöðum (3)	0	58	58
6	Jón Geir Ólafsson og Snúður frá Garðabæ (5)	55	0	55
7	Bjarki Benediktsson og Blíða frá Breiðavaði (5)	22	Sleppt	22

A-flokkur

Sæti	Keppendur (aldur hunds í árum innan sviga)	Fyrri rennsli	Síðara rennsli	Samtals
1	Elísabet Gunnarsdóttir og Skotta frá Daðastöðum (6,5)	85	85	170
2	Gunnar Guðmundsson og Karven Taff frá Wales (5)	86	75	161
3	Aðalsteinn Aðalsteinsson og Kría frá Daðastöðum (4)	79	77	156
4	Gunnar Guðmundsson og Ólína frá Hafnarfirði (5)	72	83	155
5	Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum (4,5)	74	72	146
6	Gísli Þórðarson og Kata frá Daðastöðum (6)	73	33	106
7	Þorvarður Ingimarsson og Eyra frá Eyrarlandi (3)	77	0	77
8	Gísli Þórðarson og Fía frá Brautartungu (5)	0	65	65
9-11	Reynir Þór Jónsson og Tútu frá Daðastöðum (6)	0	0	0
9-11	Hilmar Sturluson og Perla frá Mósakógum (4)	0	0	0
9-11	Jón Geir Ólafsson og Týra frá Geirlandi (7)	0	Sleppt	0

Auk verðlauna fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokk, voru eftirfarandi farandbikarar afhentir:

Stigahæsti keppandi í B-flokk: Korka frá Miðhrauni (Svanur Guðmundsson)

Tígulsbikar fyrir flest stig í A-flokk: Skotta frá Daðastöðum (Elísabet Gunnarsdóttir)

Besti hundur í A-flokk: Karven Taff frá Wales (Gunnar Guðmundsson)

Besta tík í A-flokk: Skotta frá Daðastöðum (Elísabet Gunnarsdóttir)

Myndir



Sigurveggarar í Unghundaflokk: Agnar og Kátur, Svanur og Smali, og Jón Geir og Röskva.



Sigurveggarar í B-flokk: Bjarki (ásamt Hjördísi) og Trúska, Svanur og Korka, og Arnfríður og Lína.



Sigurveggarar í A-flokk: Gunnar (ásamt Lilju Dögg) og Karven Taff, Elísabet og Skotta, og Aðalsteinn og Kría.



Elísabet og Skotta, besta tík keppinnar.



Gunnar, Lilja Dögg, og Karven Taff, besti hundur keppinnar.



Gísli og Fía skoða brautina og meta sjónlínur.



Kindurnar búnað stílla sér upp í vörn gagnvart Tútu. Þrátt fyrir nokkrar kröftugar atlögur Tútu hélt vörn kindanna.



Elísabet og Panda einbeittar í miðri skiptingu.



Jón Geir og Röskva hefja reksturinn.



Íslandsmeistararnir í Unghundaflokk: Svanur og Smali hjálpast að við að koma kindunum í réttina.



Íslandsmeistararnir í A-flokk: Elísabet og Skotta.